

Stofnanasamningur

**Milli Skálatúns og Proskapjálfafélags Íslands um forsendur röðunar starfa.
Samningur þessi tekur mið af framlengingu kjarasamnings við Reykjavíkurborg annars
vegar og Proskapjálfafélag Íslands hins vegar, dags. 16. maí 2014.**

Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna Skálatúns sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt breytingu og framlengingu kjarasamnings Proskapjálfafélags Íslands. Samningsaðilar eru sammála um að kjarasamningur aðila framlengist til 31. ágúst 2015 með eftirfarandi breytingum:

Framlenging gildandi kjarasamnings

a. Almenn launahækkun:

Hinn 1. apríl 2014 skulu laun og launataxtar skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi Reykjavíkurborgar hækka í samræmi við meðfylgjandi launatöflu sbr. fylgiskjal 1.

b. Eingreiðslur:

Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 14.600 m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í apríl 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í apríl 2014.

Þann 1. desember 2014 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 20.000 m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í nóvember 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í nóvember 2014.

Þann 1. júní 2015 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 20.000 m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í maí 2015. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í maí 2015.

Fyrrgreindar greiðslur ná til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausú leyfi.

Persónuuppbætur

Desemberuppbót skv. gr. 1.7. verður á árinu 2014 kr. 79.500.

Orlofsuppbót skv. gr. 4.2.2. verður á árinu 2014 kr. 39.500 og á árinu 2015 kr. 40.500.

Starfsþróunarsetur háskólamanna

Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag til Starfsþróunarseturs háskólamanna er nemi 0,7% af heildarlaunum félagsmanna frá og með 1. apríl 2014.

Röðun starfa í launaflokka

Við röðun starfa í launaflokka skal horfa til kjarasamnings þí við Reykjavíkurborg, meta verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Starfslýsingar skulu liggja til grundvallar við röðun.

1. Persónu- og tímabundnir þættir

Grunnröðun starfs í launaflokk er lágmarksröðun. Önnur röðun er líkt og í kjarasamningi þí við Reykjavíkurborg.

1.2 Launaflokkar / starfsreynsla

Eftir 1 ár í starfi hjá Skálatúni	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 3 ár í starfi hjá Skálatúni	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 5 ár í starfi hjá Skálatúni	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 7 ár í starfi hjá Skálatúni	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 9 ár í starfi hjá Skálatúni	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 12 ár í starfi hjá Skálatúni	Röðun einum launaflokk ofar en ella.

Starfstími hlutavinnustarfsmanna á mánaðarkaupi skv. kjarasamningum skal metinn til jafns við starfsmenn í fullu starfi.

Þá skal einnig metinn starfstími starfsmanns sem starfað hefur í sambærilegu starfi á föstu mánaðarkaupi hjá öðru sveitarfélagi eða ríki enda liggja staðfesting fyrri vinnuveitanda fyrir. Starfsmaður fær starfsaldur hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn.

2. Menntun

Metin samanber Reykjavíkurborgarsamningi

2.1 Framhaldsmenntun

Framhaldsmenntun starfsmanns skal metin út frá framhaldsnámi á háskólastigi sem nýtist í starfi þannig að:

Vegna diplomaprófs komi 1 launaflokkur ofar en ella
Vegna meistaraprófs komi 2 launaflokkar ofar en ella
Vegna doktorsprófs komi 4 launaflokkar ofar en ella
Launaflokkar skv. þessari grein að hámarki fjórir

3. Undirbúningstímar

Undirbúningstími þroskaþjálfar á þjónustustofnunum og heimilum fyrir fatlaða er 4 klst. Á viku miðað við fullt starf. Undirbúningstími skal að jafnaði unninn innan dagvinnutíma.

4. Samstarfsnefnd

Um samstarfsnefnd vísast til gr. 16.1 í þeim kjarasamningi sem samkomulag þetta byggir á. Samningsaðilar skulu hvoru um sig tilnefna hvor um sig og tvo til vara í samstarfsnefnd til að koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum.

Launaröðun

165 þroskaþjálfari

169 yfirþroskaþjálfari (búsetuþjónusta, dagþjónusta)

185 forstöðuþroskaþjálfari

Reykjavík 11. júní 2014

f.h. Skálatúns

modfyrirseta um samkykkt fólk
Helgi Þorláksson

f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands

Samfey E. Guðmundsdóttir
Anna hjón Magnúsdóttir
Jónna & Arnadóttir
Sigríður Kjartansd.

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að eingreiðslur sem greiddar eru samkvæmt samningi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila sem undirritaður var 16. apríl 2014 gagnvart Reykjavíkurborg, verði á samningstímanum greiddar starfsmönnum í fæðingarorlofi.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að ef grunnröðun starfa breytist hjá Reykjavíkurborg starfsmat/endurmat þá verður haldinn samstarfsnefndarfundur milli aðila til breytinga á grunnröðun Skálatúns til samræmis við það.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að grunnröðun sviðsstjóra verði gerð á samstarfsnefndarfundum milli Skálatúns og ÞÍ og verði frágengið fyrir lok dags 19. júní 2014.



Fundur í samstarfsnefnd Skálatúns og Þroskapjálfafélags Íslands þann 11. júní 2014 haldinn í Borgartúni 6.

Mættir:

F.h Þroskapjálfafélags Íslands: Laufey Elísabet Gissurardóttir, Anna Lilja Magnúsdóttir, Jónína Guðný Árnadóttir og Sigríður Kjartansdóttir.

F.h Skálatúns: Helgi Hróðmarsson og Reynir Þorsteinsson.

Aðilar eru sammála um að breyting á grunnröðun starfa komi til framkvæmda þann 1. júlí 2014 og gildi frá 1. febrúar 2014 líkt og hjá Reykjavíkurborg. Leiði endurskoðunarvinna starfsmatsins hjá Reykjavíkurborg til frekari breytinga munu þær koma til framkvæmda í síðasta lagi 1. nóvember 2014 og gilda frá 1. febrúar 2014.

Ekki fleira gert á fundi og fundi slitið.

Laufey E. Gissurardóttir
Anna Lilja Magnúsdóttir
Jónína G. Árnadóttir
Sigríður Kjartansdóttir

Helgi Hróðmarsson
Reynir Þorsteinsson